



2. desember 2022

**Til:** Umhverfis- og skipulagsráðs - [dagny.alma.jonasdottir@reykjavik.is](mailto:dagny.alma.jonasdottir@reykjavik.is)

**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

**Efni:** Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöð Sorpu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 16. nóvember 2022 var lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöð Sorpu, sbr. 16. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. nóvember 2022.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Óskað er eftir upplýsingum um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu. Óskað er eftir upplýsingum um allan kostnað, sem fallið hefur til vegna stöðvarinnar, þ.m.t. kostnað vegna galla, málaferla, viðgerðar og endurbóta, sem gerðar hafa verið á stöðinni eftir opnun hennar. Er umræddum viðgerðum og endurbótum á stöðinni lokið? Ef svo er ekki, hver er þá áætlaður kostnaður vegna þeirra?“

Fyrirspurnin barst SORPU þann 16. nóvember sl. með tölvupósti.

#### **Svar SORPU bs.**

1. Óskað er eftir upplýsingum um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu.

Framkvæmdir vegna GAJU hafa frá upphafi kostað 5.406 mkr.

2. Óskað er eftir upplýsingum um allan kostnað, sem fallið hefur til vegna stöðvarinnar, þ.m.t. kostnað vegna galla, málaferla, viðgerðar og endurbóta, sem gerðar hafa verið á stöðinni eftir opnun hennar.

Kostnaður vegna ráðgjafar er hingað til um 15,1 milljónir króna og kostnaður vegna úrbóta um 8,4 milljónir króna, samtals um 23,5 milljónir króna.

3. Er umræddum viðgerðum og endurbótum á stöðinni lokið?

Nei.

4. Ef svo er ekki, hver er þá áætlaður kostnaður vegna þeirra?

SORPA áætlaði um 60 milljónir króna vegna úrbóta í GAJU.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,  
Framkvæmdastjóri SORPU bs.